

Mánudaginn 25. júní 1990.

Nr. 2/1990.

**Alþýðusamband Íslands f.h.
Landssambands íslenskra verslunarmanna vegna
Verslunarmannafélags Suðurnesja**

(Arnmundur Backman hrl.)

gegn

**Vinnuveitendasambandi Íslands
vegna Hagkaups h/f Njarðvík**

(Jón R. Pálsson hdl.).

Kjarasamningur. Verslunarmenn.

Dómur Félagsdóms.

Mál þetta dæma Garðar Gíslason, Björn Helgason, Ingibjörg Benediktsdóttir, Jón Þorsteinsson og Gunnar Guðmundsson.

Málið, sem tekið var til dóms að loknum málflutningi 18. þ.m., er höfðað með stefnu birtri 15. mars 1990.

Stefnandi er Alþýðusamband Íslands f.h. Landssambands íslenskra verslunarmanna vegna Verslunarmannafélags Suðurnesja.

Stefndi er Vinnuveitendasamband Íslands vegna Hagkaups h/f, Njarðvík.

Dómkröfur stefnanda eru þessar:

1. Að dæmt verði, að réttur sé sá skilningur stefnanda á bókun í kjarasamningi Landssambands íslenskra verslunarmanna annars vegar og stefnda hins vegar frá 1. maí 1989, að vinnutími afgreiðslufólks hjá stefnda Hagkaupi h/f, sem vinnur a.m.k. 32 klst. í dagvinnu á viku, skuli hefjast kl. 9 að morgni. Þessi vinnutilhögun skuli vera meginregla og frá henni því aðeins vikið, að einstakir starfsmenn óski styttri vinnutíma.
2. Að stefnda verði gert að greiða stefnanda málskostnað fyrir Félagsdómi eftir mati dómsins.

Dómkröfur stefnda eru þessar:

1. Að stefndi verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda.
2. Að viðurkenndur verði með dómi sá skilningur stefnda, að bókun um vinnutíma afgreiðslufólks með kjarasamningi Landssambands íslenskra verslunarmanna og Vinnuveitendasambands Íslands frá 1. maí 1989 taki samkvæmt efni sínu einungis til afgreiðslufólks, sem vinnur a.m.k. 32 klst. í dagvinnu á viku,

en ekki til starfsfólks, sem vinnur skemur en 32 klst. í dagvinnu á viku.

3. Að viðurkennt verði með dómi að stefndi, Hagkaup h/f, hafi ekki brotið rétt á starfsfólki sínu skv. kjarasamningi Landsambands íslenskra verslunarmanna og Vinnuveitendasambands Íslands frá 1. maí 1989, þegar fyrirtækið hafnaði ósk þess um vinnutíma frá kl. 9.00 vegna verkefnaleysis.
4. Að dæmt verði, að stefnandi, Verslunarmannafélag Suðurnesja, hafi brotið gegn ákvæðum kjarasamnings Vinnuveitendasambands Íslands og Landssambands íslenskra verslunarmanna frá 1. maí 1989 og l. nr. 80/1938 með því að skipuleggja uppsagnir starfsfólks í verslun Hagkaups h/f í maímánuði 1989.
5. Að stefnanda verði gert að greiða stefnda málskostnað að mati dómsins.

I.

Stefnandi kveður málavexti þá, að Landssamband íslenskra verslunarmanna og stefndi hafi gert með sér kjarasamning hinn 1. maí 1989. Í kjarasamninginn hafi verið gerð svofelld bókun:

„Bókun um vinnutíma afgreiðslufólks, sem vinnur a.m.k. 32 klst. í dagvinnu á viku.

Meginreglan um vinnutíma afgreiðslufólks, sem hefur störf árdegis og vinnur alla virka daga, skal vera sú, að vinna hefjist kl. 9.00 að morgni.

Frá þessu skal aðeins vikið hvað einstaka starfsmann varðar, að fyrir liggi ósk viðkomandi um styttri vinnutíma.

Núgildandi fyrirkomulagi um vinnutíma skal segja upp með tilskildum fyrirvara, þannig að vinnutími og launagreiðslur viðkomandi breytist fyrst að þeim tíma loknum.“

Bókun þessi hafi verið samkomulag aðila í framhaldi af kröfu Landssambands íslenskra verslunarmanna um að takmarka heimildir til ráðningar í hlutastörf.

Afgreiðslufólk stefnda Hagkaups h/f hugðist nota rétt sinn samkvæmt kjarasamningnum og sagði upp þágildandi vinnufyrirkomulagi miðað við maílok 1989 í samræmi við efni umræddrar bókunar.

Svar stefnda Hagkaups h/f var hins vegar á þá leið, að hér væri um misskilning að ræða. Í bréfi stefnda frá 31. maí 1989 segir m.a. svo:

„Þess misskilnings virðist gæta í uppsagnarbréfi yðar, að Hagkaup h/f í Njarðvík hafi laust starf fyrir yður í verslun sinni frá kl. 9.00. Afgreiðslutími verslunarinnar er frá kl. 10.00 mánudaga til fimmtudaga og frá kl. 10.00-20.00 föstudaga auk laugardaga, og því stendur ekki til að breyta, enda er sá afgreiðslutími miðaður við kröfur neytenda á svæðinu. Hagkaup h/f getur því ekki orðið við ósk yðar um lengingu vinnutíma, því að hvorki verkefni né viðskiptamenn er að finna í versluninni á þeim tíma, sem þér tilgreinið í uppsagnarbréfi yðar.“

Síðan segir í bréfinu:

„Ef vinnutími frá kl. 9.00 er ófrávíkjanlegt skilyrði af yðar hendi fyrir áframhaldandi starfi hjá fyrirtækinu, þá harmar Hagkaup h/f það. Þá verður bréf yðar ekki skilið á annan veg en að þér hafið sagt upp ráðningarsamningi yðar og áður nefnt bréf yðar gildir sem uppsögn frá störfum með þeim fyrirvara, sem í því greinir.“

Starfsmaðurinn Guðbjörg M. Guðlaugsdóttir í Keflavík hætti störfum af þessum sökum, en starfsmaðurinn Ragnheiður Steindórsdóttir hélt áfram störfum þrátt fyrir afstöðu stefnda, Hagkaups h/f, og varð að sætta sig við óbreyttan vinnutíma og minni vinnu samkvæmt eldra fyrirkomulagi.

Málsástæður og lagarök stefnanda.

Í máli þessu, sem höfðað er á grundvelli 2. tl. 1. mgr. 44. gr. 1. nr. 80/1938, byggir stefnandi kröfugerð sína á því, að skilningur stefnda á ágreiningsefninu fái ekki staðist. Með áðurgreindum kjarasamningi frá 1. maí 1989 hafi aðilar gert með sér bindandi samkomulag í formi bókunar um meginreglur varðandi vinnutíma afgreiðslufólks, sem geti þýtt lengingu starfstíma og geti þýtt, að menn hætti fyrr, og sérstakt ákvæði í bókun, að núgildandi fyrirkomulagi megi segja upp með venjulegum tilskildum fyrirvara. Hafi vinnuveitandinn ekki verkefni handa starfsmanninum kl. 9.00 um morguninn, verði vinnuveitandinn að finna þau, en starfsmaðurinn hafi þennan rétt. Stefndi hafi með afstöðu sinni brotið gegn bókun kjarasamningsins og sýnt af sér þá óbilgirni að líta á uppsögn vinnufyrirkomulags í samræmi við þessa bókun sem uppsögn úr starfi. Bókun kjarasamningsins sé m.ö.o. höfð að engu af stefnda Hagkaupi h/f

Afgreiðslufólk stefnda í Hagkaupi h/f í Njarðvík hafi sent inn uppsögn á vinnutíma sínum, eins og bókunin geri ráð fyrir, og

fengið ofangreind svör frá stefnda. Guðbjörg Guðlaugsdóttir hafi tekið þann kost að hætta starfi, en aðrir hafi látið beygja sig til hlýðni. Stefndandi vilji hins vegar láta reyna á það, hvort bókun þessi hafi ekki verið bindandi fyrir stefnda, en nýr kjarasamningur hafi verið gerður 1. febrúar 1990.

II.

Stefndi lýsir málsatvikum svo, að í tengslum við gerð aðalkjarasamnings aðila þann 1. maí 1989 hafi stefndi VSÍ og stefndandi Landssamband íslenskra verslunarmanna orðið sammála um ofangreinda bókun. Þá hafi Björn Þórhallsson verið formaður LÍV, en í samninganefnd vinnuveitenda hafi verið auk starfsmanna VSÍ m.a. fulltrúar frá Hagkaupi h/f, þeir Kristján Sturluson starfsmannastjóri, Þorsteinn Pálsson sölustjóri og Jón Ásbergsson forstjóri.

Þórarinn V. Þórarinsson, framkvæmdastjóri VSÍ, hafi borið hér fyrir dómi, að krafa hafi komið frá LÍV um, að skorður yrðu settar við hlutastörfum í verslun. Þessu hafi verið hafnað af hálfu vinnuveitenda. Nauðsyn hafi borið til að finna lausn á þessari sérkröfu LÍV. Þá hafi verið fundin bókun þessi, þar sem staðfest væri meginregla um vinnutíma hjá þeim, sem vinna a.m.k. 32 tíma á viku. Þar með hafi verið gerður munur á hlutastarfsfólki í þetta miklu starfi og öðrum og bókað, að það ætti rétt á að hefja störf kl. 9.00 á morgnana að því gefnu, að starf væri til fyrir það hjá vinnuveitandanum.

Snemma í maí 1989 hafi stefndandi VS boðað Þorstein Bjarnason verslunarstjóra Hagkaups h/f í Njarðvík, og Guðjón Stefánsson, kaupfélagsstjóra Kaupfélags Suðurnesja, á sinn fund. Á þessum fundi hafi verið Magnús Gíslason, formaður VS, Kristbjörn Albertsson, varaformaður félagsins, og Hólmfríður Ólafsdóttir, starfsmaður þess. Fulltrúar verslunarmannafélagsins hafi tjáð Þorsteini og Guðjóni, að vegna bókunar með kjarasamningi aðila frá 1. maí yrðu verslanir Hagkaups og Samkaups að greiða því starfsfólki, sem hæfi störf kl. 10 árdegis, laun frá kl. 9. Þarna hafi komið í ljós sá skilningur stefnda VS, að starfsmennirnir ættu ekkert að vinna frá kl. 9, heldur fá borgað frá kl. 9.

Þorsteinn og Guðjón hafi mótmælt þessum skilningi félagsins á bókuninni og tjáð jafnframt fulltrúum þess, að ekki stæði til að breyta afgreiðslutíma stórmarkaða sinna. Skömmu síðar, þann

23. maí 1989, hafi Hagkaup h/f á Suðurnesjum borist stöðluð uppsagnarbréf frá þeim starfsmönnum sínum þar, sem höfðu dagvinnutíma frá kl. 10 til 18. Í framhaldi af þessum bréfum hafi Þorsteinn Pálsson sölustjóri haldið fund hinn 26. maí 1989 með starfsfólki verslunar Hagkaups h/f í Njarðvík. Hann hafi tjáð starfsfólkinu, að ekki stæði til að breyta afgreiðlutíma verslunar Hagkaups, enda væri sá tími miðaður við þarfir neytenda á svæðinu. Á fundinum hafi komið í ljós, að bréf þau, sem starfsfólkið hafði sent Hagkaup h/f, höfðu verið samin á skrifstofu Verslunarmannafélags Suðurnesja og gerð að frumkvæði félagsins. Starfsfólkinu hafi jafnframt verið talin trú um, að með þessari uppsögn myndi kaup þess hækka sjálfkrafa án lengingar á vinnutíma. Þorsteinn hafi tjáð fólkinu, að ekki stæði til að breyta afgreiðslutíma verslunarinnar, og því væri ekki hægt að verða við óskum þess. Þegar starfsfólkið hafi áttað sig á þessu, hafi svo farið, að allir nema tveir hafi dregið uppsagnarbréf sín til baka, og hafi sumir meira að segja rífið uppsagnarbréfin strax á fundinum.

Þeim tveimur starfsmönnum, sem ekki drógu uppsagnarbréf sín til baka, þeim Guðbjörgu Guðlaugsdóttur og Ragnheiði Steindórsdóttur, hafi verið afhent svarbréf Hagkaups h/f þann 31. maí 1989 við málaleitan sinni.

Svarbréf þessi hafi verið efnislega samhljóða, og hafi Guðbjörgu og Ragnheiði verið gerð grein fyrir því, að Hagkaup h/f væri ómögulegt að verða við óskum þeirra um lengingu vinnutíma vegna verkefnaleysis í versluninni. Ef slík staða losnaði, yrði að sjálfsögðu rætt við þær. Þeim hafi einnig verið boðið að ræða þær breytingar á vinnutíma sínum, sem fallið gætu að vinnutíma í versluninni. Ragnheiður Steindórsdóttir, sem jafnframt er trúnaðarmaður Verslunarmannafélags Suðurnesja í verslun Hagkaups að Fitjum, hafi dregið uppsagnarbréf sitt til baka í kjölfar svarbréfs Hagkaups h/f til hennar. Hún lét því aldrei af störfum hjá Hagkaupi h/f og er enn í starfi hjá Hagkaupi á Suðurnesjum. Guðbjörg Guðlaugsdóttir sé hins vegar hætt störfum hjá Hagkaupi h/f. Hún hætti þó ekki störfum í kjölfar svarbréfs Hagkaups. Hún dró einnig uppsagnarbréf sitt til baka í júní, en réð sig í september 1989 til starfa hjá öðrum vinnuveitenda. Þess ber að geta, að Guðbjörg hafði sjálf óskað eftir því í apríl 1989 að fá að minnka við sig vinnu, þ.e. að

breyta vinnutíma sínum frá kl. 9.00 til kl. 10.00, og hafi verslunin orðið við þeirri ósk hennar.

Í júní 1989 hafi Magnús Gíslason, formaður Verslunarmannafélags Suðurnesja, Kristbjörn Albertsson, varaformaður félagsins, og Hólmfríður Ólafsdóttir, starfsmaður þess, komið á fund Þorsteins Bjarnasonar verslunarstjóra og Kristjáns Sturlusonar, starfsmannastjóra Hagkaups í Reykjavík. Niðurstaða fundarins hafi orðið sú, að Kristján og Þorsteinn tjáðu fulltrúum verslunarmannafélagsins, að Hagkaup myndi ekki verða við kröfum félagsins og að Hagkaup héldi fast við túlkun sína á bókun aðila.

Í lok janúar 1990 barst Þórarni V. Þórarinssyni, frkvstj. VSÍ, fyrirspurnarbréf frá Armundi Backman hrl. Þann 15. mars 1990 birtust síðan í skrifstofu VSÍ stefnuvottar og afhentu skrifstofustúlku VSÍ stefnu í máli þessu.

Málsástæður og lagarök.

Stefndi byggir sýknukröfu sína á því, að kröfugerð stefnanda fái með engu móti samrýmst orðum bókunar aðila eða tilætlun aðila. Bókunin fjallar um meginreglur varðandi vinnutíma afgreiðslufólks, sem vinnur a.m.k. 32 klst. á viku. Hin almenna og víðtæka kröfugerð stefnanda fær með engu móti staðist. Kröfur stefnanda fela það í sér, ef við þeim yrði orðið, að atvinnurekendum yrði óheimilt að ráða fólk til vinnu nema frá kl. 9 að morgni. Atvinnurekendum yrði bannað að auglýsa eftir fólki og ráða til hlutavinnu. Vinnuveitendum yrði skylt að bjóða öllum störf frá kl. 9. Ef orðið yrði við kröfu stefnanda, þýddi það, að óheimilt yrði t.d. að auglýsa eftir og ráða afgreiðslufólk til starfa eftir hádegi, eins og algengt er. Í bókuninni segir það eitt, að meginreglan skuli vera, að vinnutími starfsmanns skuli vera frá kl. 9.00, en í henni felst ekki, að vinnuveitanda sé skylt að ráða fólk frá kl. 9.00, komi fram ósk um það frá starfsmanni. Frumforsendan er sú, að atvinnurekandi hafi einhver störf eða starfsemi á þeim tíma, þ.e. frá kl. 9. Þetta er svo sjálfsagt, að engum geti það dulist. Samkvæmt grein 2.5. í kjarasamningi VSÍ og Landssambands ísl. verslunarmanna er engum vafa undirorpið, að hlutavinna á dagvinnutímabili er heimil, en greinin er svohljóðandi:

„Um réttindi þeirra, sem vinna hluta úr degi.

Fólk, sem ráðið er til starfa hluta úr degi og vinnur reglubundinn vinnutíma, skal taka hlutfallsleg mánaðarlaun miðað við vinnu-

tíma fastráðins fólks, sbr. gr. 2.1., þ.e. 40 klst. eða 38 klst. Starfsfólk, sem vinnur reglubundið hluta úr degi hjá sama vinnuveitanda, skal njóta sama réttar um greiðslur fyrir samningsbundna frídaga, veikinda- og slysdaga, starfsaldurshækkunar o.fl. og það, sem vinnur fullan vinnudag, og skulu greiðslur miðaðar við venjulegan vinnutíma starfsmanns.

Aðilar eru sammála um, að ofangreint ákvæði eigi jafnt við um þá, sem vinna samfelld hluta úr degi alla vikuna, og þá sem vinna reglubundið, t.d. einn dag í viku eða hluta af einum degi.“

Bókunin breytir á engan hátt rétti verslana til að ráða fólk í hlutavinnu skv. þessari grein né heldur skyldar hún vinnuveitendur, sem ráðið hafa fólk í hlutavinnu, til þess að bjóða því fullt starf eða verða við kröfum þess um lengingu vinnutíma. Túlkun VSÍ frá upphafi hefur verið sú, að þessi bókun ein sér geti aldrei veitt starfsmanni einhliða rétt til að breyta ráðningarsamningi sínum. Starfsmaður yrði að segja upp gildandi ráðningarsamningi sínum. Vinnuveitandi hefði hins vegar val um það, hvort að hann réði starfsmanninn til starfa á hinum breyttu ráðningarkjörum (lengri vinnutíma). Bókun aðila er því í samræmi við þá grundvallarreglu í íslenskum rétti, að vinnuveitendur verða ekki neyddir til að ráða fólk til starfa. Í því máli, sem hér liggur fyrir, gat Hagkaup ekki orðið við óskum starfsfólksins vegna þess, að engin verkefni voru fyrir starfsmennina. Hagkaupi var þannig ómögulegt að verða við óskum starfsmannanna. Neitun Hagkaups var því bæði eðlileg og auðskýrð með tilliti til orðalags bókunarinnar og þarfar verslunarinnar fyrir vinnuafli.

Vinnuveitendasamband Íslands fékk þetta mál ekki formlega til umfjöllunar fyrr en með fyrirspurnarbréfi Arnmundar Backman, sem dagsett er 23. janúar 1990. Vinnuveitendasambandinu var hins vegar kunnugt um aðgerðir Verslunarmannafélags Suðurnesja, og svör Hagkaups h/f voru í samráði við VSÍ. Túlkun Hagkaups h/f er í samræmi við skilning VSÍ á bókuninni. Þessari túlkun var hvorki mótmælt af Landssambandi íslenskra verslunarmanna né Verslunarmannafélagi Suðurnesja við VSI í kjölfar synjunar Hagkaups h/f á málaleitan starfsfólks, sem til var stofnað eins og áður er lýst. Við gerð kjarasamnings VSÍ/ASÍ frá 1. febrúar 1990, sem bæði Landssamband íslenskra verslunarmanna og Verslunarmannafélag Suðurnesja eru aðilar að, var enginn fyrirvari gerður vegna framangreinds máls né heldur sett fram krafa um breytingar

á orðalagi bókunarinnar, sem samræmst gæti núverandi skilningi Verslunarmannafélags Suðurnesja á þessari bókun. Þessi bókun var raunar ekkert rædd í tengslum við kjarasamning ASÍ/VSÍ frá 1. febrúar 1990, en þessi samningur var samþykktur í Verslunarmannafélagi Suðurnesja án nokkurs fyrirvara. Stefnandi hafði aldrei samband við Vinnuveitendasamband Íslands vegna þeirra atburða, sem gerðust í maí 1989, og skilningi VSÍ á fyrrgreindri bókun hefur aldrei verið mótmælt við VSÍ. Kröfur eða mótmæli hafa aldrei verið borin fram vegna þessara atburða við Vinnuveitendasamband Íslands. Aðgerðaleyfi Landssambands íslenskra verslunarmanna og Verslunarmannafélags Suðurnesja (VS) allan þennan tíma verður ekki skýrt á annan hátt en að túlkun VSÍ sé rétt.

Stefndi byggir gagnkröfur sínar á 1. og 2. tl. 44. gr., sbr. 53. gr. l. 80/1938. Gagnkröfur stefnda um skilning á bókun aðila eiga sér stoð í orðum bókunar aðila. Þann skilning hafi stefnandi viðurkennt í verki með athöfnum sínum og athafnaleysi. Þess er jafnframt krafist, að dæmt verði, að Verslunarmannafélag Suðurnesja hafi brotið gegn ákvæðum kjarasamnings aðila og l. nr. 80/1938. Á því er byggt, að stefnandi hafi með því að skipuleggja uppsagnir afgreiðslufólks brotið þá friðarskyldu, sem er forsenda kjarasamnings aðila. Stefnandi hafi með aðgerðum sínum gagnvart stefnda Hagkaupi h/f brotið þær leikreglur, sem felast í I. og II. kafla laga nr. 80/1938. Tilgangur stefnanda með aðgerðum sínum í maí 1989 hafi verið sá að knýja fram sérstaka launahækkun til afgreiðslufólks í hlutavinnu. Aðgerðir stefnanda hafi valdið tímabundinni truflun í rekstri verslunarinnar. Málsókn nú af hálfu Landssambands íslenskra verslunarmanna, f.h. Verslunarmannafélags Suðurnesja fyrir Félagsdómi gegn Hagkaupi h/f vegna þeirra atburða, sem gerðust vorið 1989, er því, sbr. framansagt, bæði tilefnislaus og ósanngjörn og brýtur gegn þeim meginreglum, sem lög nr. 80/1938 eru reist á. Þeim ummælum lögmanns stefnanda í greinargerð, að stefndi hafi beygt starfsfólk sitt til hlýðni, er harðlega mótmælt sem ósönnnum og ósæmilegum. Hið sanna sé, að stefndi hafi kappkostað að eiga góð samskipti við starfsfólk sitt og verða við óskum þess eftir því, sem hægt hafi verið. Stefndi sé félagsmaður í Vinnuveitendasambandi Íslands, og um launakjör starfsfólks og vinnutíma fari eftir kjarasamningi VSÍ við LÍV og ráðningarsamningi.

Sýknukrafa stefnda við kröfu stefnanda, eins og hún nú er gerð, byggist í fyrsta lagi á því, að undanskilið sé, að störf séu fyrir hendi í starfsstöð stefnda Hagkaups h/f í Njarðvík, enda séu afgreiðslustörf á kassa sérhæfð og háð því, að verslunin sé opin. Viðskiptavinir verslunarinnar komi ekki kl. 9 að morgni, og því sé tilgangslaust að hafa verslunina opna svo snemma.

Telja verður, að ef stefndi hefði viljað gera það að skilyrði, að verkefni væru fyrir hendi, hefði þurft að taka það sérstaklega fram í bókuninni.

Stefndi styður sýknukröfuna í öðru lagi með tómlæti og aðgerðaleysi stefnanda. Enda þótt dregist hafi um nokkurt skeið að leggja ágreiningsefni þetta fyrir Félagsdóm, verður ekki talið, að það leiði til þess, að kröfu stefnanda verði hafnað.

Samkvæmt framansögðu verður sýknukrafa stefnda ekki tekin til greina.

Niðurstaða þessi veldur því, að ekki verður fallist á kröfulið 3 í gagnkröfu stefnda, og ber að sýkna stefnanda af honum.

Gegn mótmælum stefnanda verður ekki talið sannað, að Verslunarmannafélag Suðurnesja hafi með ólögumætum hætti skipulagt uppsagnir starfsfólks í verslun Hagkaups h/f í Njarðvík. Ber því að sýkna stefnanda af kröfulið 4 í gagnkröfu stefnda.

Þegar litið er til orðalags hinnar umdeildu bókunar, telur dómurinn, að hana beri að skilja svo, að vinnutími afgreiðslufólks hjá stefnda Hagkaupi h/f í Njarðvík, sem vinnur a.m.k. 32 klst. í dagvinnu á viku og hefur störf árdegis og vinnur alla virka daga, skuli hefjast kl. 9.00 að morgni að uppfylltum skilyrðum 3. mgr. bókunarinnar.

Eftir öllum atvikum þykir rétt, að hvor aðili beri sinn málskostnað.

D ó m s o r ð:

Framangreind bókun veitir hlutaðeigandi starfsfólki Hagkaups h/f í Njarðvík rétt til að hefja vinnu kl. 9.00 að morgni að undangenginni uppsögn þess á gildandi fyrirkomulagi um vinnutíma.

Málskostnaður fellur niður.
